

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Skrifstofa sviðsstjóra

Á fundi borgarráðs þann 31. mars 2022 lagði áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins fram svohljóðandi fyrirspurn um kostnað Reykjavíkur við borgarlínu:

Fyrirspurn Flokks fólksins um kostnað Reykjavíkur við borgarlínuverkefni. Reykjavík hefur nú þegar greitt 1 milljarð, 737 milljónir - sem sagt rúmlega 1,7 milljarður í borgarlínuverkefnið. Spurt er hver heildarkostnaður Reykjavíkurborgar verður í borgarlínuverkefnið þegar yfir lýkur og verkefnið verður komið í fulla virkni?

Svar:

Þann 26. september 2019 var gengið frá samkomulagi um samgöngur á höfuðborgarsvæðinu á milli íslenska ríkisins annars vegar og Reykjavíkurborgar, Garðabæjar, Hafnafjarðarkaupstaðar, Kópavogsbæjar, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness (sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu) hins vegar um skipulag og fjármögnun uppbyggingar á samgönguinnviðum, þar með talið innviðum almenningsamgangna, á höfuðborgarsvæðinu til 15 ára, þ.e. til og með ársins 2033 .

Skv. d.lið 3. gr. samkomulagsins er gert ráð fyrir að beint framlag sveitarfélaganna verði 1 ma.kr. á ári eða 15 ma.kr. á tímabilinu 2019-2033 og sveitarfélögin skipti með sér kostnaði á hverju ári miðað við hlutfallslegan íbúafjölda 1. desember árið á undan. Ef tekið er mið af íbúafjölda þann 1. desember 2021 er hlutur Reykjavíkurborgar í þeirri fjárhæð 8,46 ma.kr. eða 56,4%. Vakin er athygli á því að fjárhæðin miðast við verðlag ársins 2019, en árlegt framlag er verðbætt m.v. vísitölu neysluverðs ár hvert.

Virðingarfyllst,

Haldóra Káradóttir
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsvið